

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 15/2019.

---

Reykjavík, 15.07.2019

2019070195

**Efni: Innköllun á Amisa Organic Lactose Free Rice Milk Chocolate Rice Cakes vegna ómerks ofnæmis- eða óþolsvalds (mjólk).**

Heilsa ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Amisa Organic Lactose Free Rice Milk Chocolate Rice Cakes** vegna ómerks ofnæmis- eða óþolsvalds (mjólk).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

**Vörumerki:** Amisa.

**Vöruheiti:** Organic Lactose Free Rice Milk Chocolate Rice Cakes.

**Strikanúmer:** 5032722312814.

**Best fyrir:** 15.11.2019.

**Nettómagn:** 100 g.

**Framleiðandi:** Windmill Organics, Bretlandi.

**Innflytjandi:** Heilsa ehf., Bæjarflöt 1-3, 112 Reykjavík.

**Dreifing:** Verslanir Heilsuhússins, Nettó og Melabúðarinnar.

Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi) eru á lista yfir ofnæmis- eða óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- eða óþolsvaldar að koma skýrt fram á umbúðum matvæla.

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna og eru með ofnæmi- eða óþol fyrir mjólk og mjólkurafurðum eru hvattir til að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í versluninni þar sem hún var keypt. Nánari upplýsingar veitir Heilsa ehf. í síma 517 0670.

